




Kópavogsbær

Heimsmarkmiðin sem stjórn tæki

Páll Magnússon, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

HEILDARSTEFNUMÓTUN KÓPAVOGSBÆJAR

- Bæjarstjórn samþykkir framtíðarsýn, hlutverk og gildi fyrir bæjarfélagið.
- Bæjarstjórn samþykkti að yfirmarkmið í stefnu bæjarins taki mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Allar stofnanir bæjarins munu vinna aðgerðaráætlanir sem liggja til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs.



FYRSTI áfangi





1

Eradicate extreme poverty and hunger



2

Achieve universal primary education



3

Promote gender equality and empower women



Reduce child



5

Improve maternal health



6

Combat HIV/Aids, malaria and other diseases



7

Ensure environmental sustainability



Develop a partnership develop

The Millennium Development Goals Report 2015



- Losun gróðurhúsalofttegunda jókst um 50%
- Milljónir hektarar af skóglendi töpuðust
- Fiskistofnar voru ofnýttir
- Dýrastofnum í útrýmingarhættu fjölgaði
- Um 40% jarðarbúa búa við skort á vatni og það hlutfall fer vaxandi





Staðgengill aðalritara SP:

„Innan Sameinuðu þjóðanna
vinnum við af miklum ákafa
að því að brjóta niður sílóin.“



Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta

Leiðir að einföldun og samhæfingu

Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarfræðingur, forsætisráðuneytinu og
Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur, fjármálaráðuneytinu

Ekki er hægt að sjá að stefnur og áætlanir séu tengdar hver annarri eða styðji hver viðaðra. Dæmi eru um þrjár stefnur sem unnu að sama markmiðinu með ólíkum hætti án þess að vísa hver í aðra eða samhæfa aðgerðir innbyrðis til að ná fram markmiðinu. Þetta er að miklu leyti í samræmi við þá *sílóahugsun* sem hefur verið áberandi hér á landi, í Finnlandi og í öðrum Evrópuríkjum. Unnið er markvisst að því að draga úr þessari sílóahugsun með því að hvetja til og innleiða vinnubrögð í anda samhentrar stjórnsýslu (joined-up government). Það mun án efa nást mikill ábati ef stefnur og áætlanir fá rækilegri heildarhugsun og tengjast með markvissari hætti en nú er.





Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum ákvörðunum. Að vera þátttakandi og hafa áhrif á eigin aðstæður er grunnforsenda góðrar lýðheilsu.

Umhyggja og virðing eru meðal gilda Kópavogsbæjar. Starfsmenn og kjórnir fulltrúar koma fram af auðmýkt gagnvart íbúum sem þeir starfa fyrir starfa, leggja áherslu á gagnsæi og þátttöku íbúa í ákvörðunum bæjarins.

Kópavogur leggur áherslu á að skapa umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar og útivistar, vernda vistkerfið og stuðla að sjálfbærri nýtingu, rækta nýja skóga og gera þá aðgengilega fyrir íbúa.

Heilnæmi sjávar eru ein mikilvægasta auðind landsins, ekki síst frá sjónarhóli lýðheilsu. Auk þess að vera efnahagslega mikilvægt snertir heilnæmi sjávar og vatna félagslega- líkamlega- og andlega heilsu.

Sjálfbærni er forsenda góðra lífsskilyrða komandi kynslóða. Kópavogsbær hvetur til skynsamlegrar nýtingar auðinda og skapar aðstæður til aukinnar endurvinnslu. Börnum og fjölskyldum er gefinn kostur á að rækta eigin grænmeti með tilheyrandi fræðslu m.a. um matarsóun og endurvinnslu.

Kópavogur leggur áherslu á að íbúar hafi greiðan aðgang að öruggu stigakerfi og leik- eða æfingataekjum til að njóta náttúru og efla hreyftri. Fylgst er með loftgæðum á viðkvæmum svæðum í bænum auk hljóðmælinga.

Kópavogur hefur jöfnuð til heilsu að leiðarljósi með sérstöku tilliti til viðkvæmra hópa. Kópavogur rekur öflugt barnaverndarstarf ekki síst til verndar viðkvæmum hópum og er í samstarfi við lögreglu um forvarnir og íhlutanir í heimilisofbeldismálum.

Bágr efnahagur á ekki að hindra mögulegan framgang einstaklinga. Kópavogur tekur m.a. þátt í Tuff Island þar sem lögð er áhersla á að hjálpa börnum sem sökum félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna hafa ekki haft tækifæri til að taka þátt í íþróttum eða tómstundum.

Reset

Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar og rannsóknir sýna tengsl milli aukinnar þekkingar og bættrar heilsu. Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag, heilsueflandi umhverfi og aðstæður. Holt fæði er í boði á leik- og grunnskólum. Skólahélsugsæsla starfar í hverjum skóla og fylgist með þroska og vexti barnanna.

Kópavogsbær hefur lagt sérstaka áherslu á jafna stöðu kynjanna. Börn eru hvött til að rækta hæfileika sína án hamlandi áhrifa staðalímynda sem er ein af mikilvægustu forsendum fyrir sterka sjálfsmynd og góða heilsu og líðan.

Grunnforsenda heilbrigðis lífs er aðgengi að nægu og hreinu vatni. Kópavogur setur víðeigandi reglur til verndar vatnsauðlindum, fræðir íbúa um meðferð úrgangs og skapar víðeigandi aðstæður.

Mikilvæg undirstaða vellíðunar og heilbrigðis er að hafa starf við hæfi sem skapar færi til vaxtar og virðingar og gerir fólk hluta af heild. Markaðsstofa Kópavogs hefur að markmiði að efla atvinnubrúðin í samstarfi við atvinnulífið og styrkja stöðu bæjarins sem næsts stærsta sveitarfélags landsins.

Kópavogur leggur áherslu á nýsköpun og þróun í atvinnulífi bæjarins og að skapa aðstæður til frámprunar fyrir íbúa. Inviðir eru styrktir og hafa allir íbúar í þéttbýli Kópavogs aðgang að öflugum nettengingum.





16.1 Dreigið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.

13.B Finna leiðir til að skipuleggja og stjórna betur loftslagsaðgerðum í þeim þróunarlöndum sem skemmt eru á veg komin og þeim sem eru smáeyrki og leggja í því tilliti áherslu á konur, ungt fólk, byggðarlög og jafnarsamfélög.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmi stöðu, konum, börnum, fötlugu fólki og öldruðum.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraflokk og fatlað fólk.

10.4 Mörkuð verði stefna í ríkisfjármálum, launamálum og á félagslegu sviði með það fyrir augum að auka jafnrétti stig af stigi.

1.4 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir, karlar sem konur, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða...

2.3 Eigi síðar en árið 2030 verði framleiðni og tekjur þeirra sem framleiða í litlu magni tvöfölduð, einkum kvenna...

4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli.
4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi.
4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður.
4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist þekkingu til þess að yta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með [...] kynjajafnrétti.

6.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan aðgang að fullnægjandi hreinlætisástöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.

8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að stýðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.



Virka einstaklinga og hópa til að skilja mikilvægi menningar (samfélagsinu). Stuðla að alþjóðlegu samstarfi. Stuðla að þátttöku sveitarfélagsins í samstarfi á landsvísu.

Menningarstýrkir nýstær öllum dháð efnahag og gera listafólki mögulegt að koma sér á framfæri.

Stuðla að opnu aðgengi að upplýsingum. Stuðla að verndun og eflingu listrænnar tjáningu á staðnum og á alþjóðavettvangi. Veita listamönnum skjól.

Varðveisla jarða og vistkerfa með menningarlega skírskotun. Vinna með náttúruleg rými og þróa frumkvæði að varðveislu hefðbundinnar þekkingar á sjálfbærri nýtingu svæða og vistkerfa.

Varðveisla verndaðra vatna- og strandsvæða. Stuðla að varðveislu hefða og sögu sem tengjast sjálfbærri nýtingu sjávar og sjávarauðlinda.

Taka þátt í miðlun upplýsinga um loftslagsbreytingar. Skoða tengsl menningar og sjálfbærni í umhverfismálum.

Leggja áherslu á staðbundna menningu og staðbundið hræfni.

Græn svæði gefa tækifæri á þróun menningarstarfsemi. Gæta að vernduðum svæðum og menningarverðmætum í umhverfinu. Skráning náttúruininja.

Menningarþátttaka stuðlar að styrkingu og þátttöku allra án tillits til aldrs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða eða efnahagslegrar stöðu. Menningarhúsin ljá þessum málstað rödd sína.



Listin miðlar þekkingu á aðstæðum ólíkra menningarheima.

Þátttaka í menningarlífi getur stuðlað að bættri heilsu og vellíðan eins og viðurkennt er í fjölda rannsókna. Menningarfræðsla skapar frjóan jarðveg fyrir listræna og skapandi hugsun og gegna menningarhús bejarins þar lykilkulhverki. Innan veggja þeirra þarf að fara fram markviss fræðsla barna og ungmenna bejarins.

Tækifæri fyrir konur og stelpur að leiða, taka þátt í og verða virk í menningarlífi stofnana. Sýningar sem fjalla um kynjámisrétti og sýna mikilvægt hlutverk kvenna og stúlkna í menningu og listum verði á dagskrá.

Að viðurkenna í menningarstefnu tengsl milli menningar og sjálfbærni í umhverfismálum. Menningarstofnanir kanni möguleika á að vekja athygli á að setja vatnsskort og sjálfbæra notkun vatns í samhengi við starfsemi sína með sýningum, smíðjum eða í leiðsögnum.

Menningarviðburðir geta ómeðvitað stuðlað að orkuframleiðslu og óæsillegur neyslumynstri. Með skapandi nálgun er unnt að vekja fólk til meðvítundar um nýjar leiðir og ferli til að draga úr neyslu. Menningarstofnanir meti umhverfisþætti í starfseminni.

Samþætting menningarstarfs við ferðaþjónustu. Stuðla að hreyfanleika listamanna og starfsfólks innan menningargeirans og auka þannig atvinnutækifæri þeirra.

Listamenn og skapandi aðilar geta tekið þátt í ferli sem miða að rannsóknum, þróun og nýsköpun á fjölmörgum iðnaðarsvæðum. Tryggja tilvist og aðgengi að fjölbreyttu rými fyrir menningarstarfsemi.



MÆLING Á ÁRANGRI VIÐ INNLEIÐINGU

- ISO 37120 staðallinn mælir þjónustu sveitarfélaga – mælikvarðar tengdir Heimsmarkmiðum
- Vísitala félagslegra framfara mælir áhrif sveitarfélagsins á lífsgæði íbúa
- Þátttaka í þróunarverkefni OECD um gerð samræmdra mælikvarða og staðfæringu Heimsmarkmiða meðal sveitarfélaga



WCCD
ISO 37120



**SOCIAL
PROGRESS
IMPERATIVE**



HEIMSMARKMIÐIN Í KÓPAVOGI

